

## EFNAHAGSLEG ÁHRIF SJÓMANNAVERKfalls

*Hvert er tap þjóðarbúsins af sjómanna verkfalli? Erfitt er að leggja á það nákvæmt mat og líklega verður það ekki hægt fyrr en að nokkrum árum liðnum. Þó má ætla að því lengra sem líður á verkfallið og bæði viðskiptasambönd glatast og framleiðsla minnkar nálgist hið daglega tap þær 900–1300 milljónir króna sem sjávarútvegurinn skapar af verðmætum á dag að meðaltali, sé tekið tillit til beinna og óbeinna efnahagslegra áhrifa. Í þessari greiningu Sjávarklasans er varpað frekara ljósi á hin margvíslegu áhrif verkfallsins á ýmsar atvinnugreinar sem tengjast sjávarútvegi.*

Þegar þetta er skrifað hefur verkfall sjómanna staðið í rétt tæpar 7 vikur. Í umræðu um neikvæðar afleiðingar þess er áherslan gjarnan lögð ýmist á sjálfar fiskveiðarnar og fiskvinnsluna eða tjónið af töpuðum útflutningstekjum sjávarafurða. Í þessu sambandi heur verið nefnt að tapaðar útflutningstekjur nemi 640 milljónum króna á dag. Slíkir útreikningar varpa einhverju ljósi á það efnahagslega tjón sem verkfallið veldur en eru ákveðin einföldun og fjarri því að gefa nákvæma mynd af raunverulegu tjóni af verkfallinu til skemmri og lengri tíma.

Að ætla sér að meta hið sanna efnahagslega tjón af einhverri nákvæmni myndi útheimta miklar rannsóknir og því fer fjarri að það sé hlutverk þessarar greiningar. Hér verður hins vegar fjallað um ýmis önnur áhrif verkfallsins, ekki bara á sjávarútveginn og útflutningstekjur hans, heldur allar þær greinar sem eiga mikið undir sjávarútveginum, hinn svokallaða *sjávarklasa*.

### SAMDRÁTTUR EÐA TAFIR?

Í mati á beinu útflutningstekjutapi af verkfalli sjómanna þarf að gera greinarmun á hvort um sé að ræða *samdrátt* í veiðum eða *tafir* á veiðum. Ef um væri að ræða hreinan samdrátt, þ.e. að það sem ekki veiðist í dag verði yfir höfuð ekki veitt, m.ö.o. að ekki takist að fullnýta veiðiheimildir þessa veiðitímabils, væri óhætt að meta tjónið út frá töpuðum tekjum fyrir hvern verkfallsdag miðað við tekjur fyrri ára. Náist hins vegar að fullnýta allar veiðiheimildir á endanum er hið raunverulega tekjutap af útflutningi sjávarafurða minna og felst einkum í áhættu á verðlækkun. Eftir því sem líður á verkfallið aukast þó líkurnar á raunverulegum aflasamdrætti af völdum þess auk þess sem tjónið af völdum tafa á veiðum eykst. Þetta vita báðir samningsaðilar og því verður þrýstingur á að ná samningum meiri með hverjum

degi sem líður. Framundan er til dæmis (reyndar fyrirsjáanlega dræm) loðnuvertíð þar sem hver úthaldsdagur skiptir máli.

Tjón vegna tafa á veiðum er hinsvegar vissulega til staðar og felst einkum í hugsanlegri verðlækkun, vannýttu fjármagni og framleiðslukosti og auknum kostnaði allra í virðisdeðjunni við að framleiða og flytja út meira magn síðar og vinna upp markaði og hillupláss. Það er dýrt að hafa fjármagn, skip, verksmiðjur og fólk iðjulaust dögum og vikum saman. Greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði nema 10 milljónum króna á dag, svo eitthvað sé nefnt, en 1440 manns hafa bæst við á atvinnuleysisskrá sökum verkfallsins. Á endanum er það nefnilega virðisauki greinarinnar sem skiptir máli fyrir samfélagið en ekki hreinar tekjur, þ.e.a.s. hversu mikil verðmæti afurðir greinarinnar skapa að frádregnum aðföngum. Þessi virðisauki bíður hnekki þegar framleiðsla fellur niður í einhvern tíma, jafnvel þótt stöðvunin verði bætt upp síðar í framleiddu magni talið.

### MARGFÖLDUNARÁHRIF SJÓMANNAVERKfallsins

Þá er ótalið óbeint tjón sem verður í öðrum öngum samfélagsins af völdum sjómanna verkfallsins. Sjávarútvegur á Íslandi er svokallaður grunnatvinnuvegur, ólíkt mörgum öðrum atvinnuvegum. Þetta þýðir að a) þau verðmæti sem hann skapar eru mun meiri en tekjur sjálfrar greinarinnar gefa til kynna og að b) það sem hann leggur til landsframleiðslunnar verður ekki bætt upp með annarskonar starfsemi ef hans nýtur ekki við. Hin óbeinu efnahagslegu áhrif felast í viðskiptum greinarinnar við fyrirtæki sem þjónusta hana eða vinna frekar úr afurðum hennar (*sjávarklasann*), til dæmis flutningafyrirtæki, tæknifyrirtæki, fiskmarkaði, líftæknifyrirtæki, sölufélög og umbúðaframleiðendur, en líka í svokölluðum

eftirspurnaráhrifum; launum og hagnaði sem myndast í greininni og er varið til kaupa á vörum og þjónustu í samfélaginu. Þessi óbeinu efnahagslegu áhrif eru oft kölluð margföldunaráhrif.

Rannsóknir hafa sýnt að framlag sjávarútvegsins til landsframleiðsunnar þegar tekið hefur verið tillit til óbeinna efnahagslegra áhrifa er minnst 2,5 sinnum meira en tekjur greinarinnar sjálfar gefa til kynna. Beint framlag greinarinnar til landsframleiðslu hefur verið 7–10% undanfarinn áratug en heildarframlagið hefur verið metið á bilinu 20–30% á sama tímabili.

Þessi margföldunaráhrif sjávarútvegsins virka í báðar áttir. Ef virðisauki í sjávarútvegi eykst um 10 skapast verðmæti í samfélaginu í heild upp á minnst 25. Sama gildir á hinn veginn – ef virðisauki í sjávarútvegi minnkar um 10 þá minnka verðmæti í samfélaginu í heild um minnst 25. Eins og fram hefur komið gildir þetta alls ekki um allar atvinnugreinar, er síður en svo sjálfsagt og í allri umræðu, lagasetningu og stefnumörkun í greininni þarf að taka tillit til þessa.

Við gerð þessarar greiningar var haft samband við 20 stjórnendur margvíslegra þjónustu- og tæknifyrirtækja sem þjónusta sjávarútveginn með einum eða ördum hætti eða hafa beinar tekur af honum. Þessi fyrirtæki vilja oft gleymast í umræðunni um áhrif þessarar deilu og því rétt að bregða ljósi á áhrif hennar á þessi fyrirtæki. Í þeirri yfirferð kemur í ljós að farið er að gæta ýmissa neikvæðra áhrifa sem ágerast eftir því sem líður á deiluna. Þessi áhrif eru þó mjög ólík eftir greinum.


## TÆKNIFYRIRTÆKI NÁ AÐ SVEIFLUJAFNA AÐ MESTU

Eins og fram hefur komið í fyrri greiningum Sjávarklasans á tæknifyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu hafa þessi fyrirtæki vaxið umtalsvert á síðustu árum eða að meðaltali um 10–12%. Þennan vöxt má bæði skýra með bættum hag innlendra útgerðarfyrirtækja og aukinni spurn eftir íslenskri fisktækni erlendis. Þessi grein veltir um 60–70 milljörðum króna á ári.

Tæknifyrirtækin sem rætt var við hafa flest haft á orði að helstu áhrifin séu þau að fyrirhugaðir samningar um kaup hafi frestast, eða eins og einn viðmælendi orðaði það „ákvörðunarfælni hefur aukist“. Verkefni stærri fyrirtækjanna eru enn næg um þessar mundir, enda samningar frágengnir um þau verkefni áður en verkfall hófst. Minni fyrirtækin, sem mest megnis hafa sinnt innlendum markaði, eiga þó á brattann að sækja.

Áhyggjur tæknifyrirtækjanna lúta helst að þeim innlendu verkefnum sem ráð var fyrir gert að hæfust í mars og apríl á þessu ári. Í nokkrum tilfellum hafa útgerðir þegar upplýst fyrirtækin um seinkun. Fá

## MYND: EINFÖLD FRAMSETNING Á SJÁVARKLASANUM Á ÍSLANDI



tæknifyrirtæki telja þó að þessum fjárfestingum í nýrri tækni verði aflýst þótt þær tefjist. Þó telja sumir að teygist verkfallið um nokkrar vikur í viðbót sé mikil hætta á að fjárfestingarverkefni verði sett á bið í lengri tíma. Nokkur fyrirtækin benda á að meira sé um að vera í viðhaldi eins og algengt er þegar vinnsla er ekki í gangi.

Nokkur fyrirtækin sem rætt var við nefna að mikið sé að gera í verkefnum í Noregi um þessar mundir sem tengjast sjávarútvegi. Þannig virki erlendu verkefni sem sveiflujöfnun. Fjárfesting í nýrri tækni í öðrum löndum er auðvitað einnig vísbending um að samkeppnisstaða nágrannalanda okkar styrkist því meira sem óstöðugleiki hérlendis eykst.

## UMBÚÐAFRAMLEIÐENDUR VERÐA FYRIR MIKLU HÖGGI

Ýmis tæknifyrirtæki bjóða pakkningar og umbúðalausnir og önnur aðföng fyrir sjávarútveginn. Þessi fyrirtæki hafa fundið einna mest fyrir verkfallinu. Hjá þeim fyrirtækjum sem rætt var við hafa tekjur dregist saman um 65%. Stjórnendur telja þó að megnið af þessum tekjum komi til baka en að þeirra mati er sú óvissa sem er til staðar erfið. Öll framleiðslufyrirtækin á þessu sviði finna því verulega fyrir þessu.

## FLUTNINGAFYRIRTÆKI VERÐA MISJAFNLEGA FYRIR ÁHRIFUM VERK FALLS

Áhrif verkfallsins á flutningastarfsemi er umtalsverð. Þau flutningafyrirtæki sem rætt var við hafa orðið fyrir 20–90% tekjusamdrætti á því tímabili sem verkfallið hefur staðið. Mest eru áhrifin á þá sem flutt hafa ferskan fisk en mjög hefur gengið á birgðir af frystum fiski og söltuðum. Útflutningur á þeim vörum hefur þó gert það að verkum að tekjutap þessara fyrirtækja er minna. Hér verður þó að hafa í

huga að ljóst er að ef verkfallið dregst á langinn verður alger skortur á þessum vörum til útflutnings sem hefur áhrif á flutningafyrirtækin.

Einn viðmælandi orðaði það svo að „öll virðisdeðjan er tætt. Fólkið í vöruhúsunum hefur minna að gera. Lestunarmenn hafa minna að gera. Bílstjórnarnir einnig og þannig mætti halda áfram.“ Flutningaáðilar eru all vel tengdir dreifingar- og söluaðilum erlendis og að sögn viðmælenda verður hver vika dýrari og vikan á undan.

## LITLAR HAFNIR FINNA HELST FYRIR VERKFALLI

Verkfallið hefur haft lítil áhrif á stóru hafnirnar í landinu að sögn viðmælenda. Á hinn bóginn hefur verkfallið haft umtalsverð áhrif á minni hafnir úti á landi eins og Höfn í Hornafirði, Þorlákshöfn og Vestmannaeyjar. Tekjutap síðustu vikur jafnast þó líklega út þegar líður á árið. Hafnirnar sem rætt var við taka ekki eftir því að mikið sé um að vera í viðhaldi skipa eða í slippum um þessar mundir. Verkfallið hefur ekki haft áhrif á flugvallastarfsemi að neinu ráði enda er áfram mikill vöxtur í annarri starfsemi alþjóðaflugvallarins í Keflavík þaðan sem flugfiskurinn fer á markað.

## NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKIN FINNA LÍTID FYRIR VERKFALLI

Í samtölum við nýsköpunarfyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi verður ekki séð að verkfallið hafi haft áhrif á starfsemi þeirra ennþá. Flest þessara fyrirtækja hafa tryggt sér hráefni og hafa átt betra aðgengi að áhættufjármagni sem að litlu leyti hefur komið frá sjávarútvegsfyrirtækjum. Til lengri tíma er þó ljóst að rekstrarumhverfi sjávarútvegsins hefur mikið að segja um áhuga á nýsköpun í greininni eins og framleiðslu heilsbótarefna, lyfja og þess háttar.

## SÖLU- OG MARKAÐSFYRIRTÆKI BENDA Á HÆTTUMERKI


Meðal alvarlegustu afleiðinga verkfallsins má lesa út úr samtölum við innlenda markaðs- og sölumenn sem sinna erlendum mörkuðum. Eitt stærsta samkeppnisforskot íslenska sjávarútvegsins hefur verið mikið afhendingaröryggi allt árið um kring. Þetta hefur m.a. verið eitt helsta tromp íslensku fyrirtækjanna á ýmsum verðmætum mörkuðum í Evrópu. Einn viðmælandi orðaði það svo: „Við megum ekki missa þá stöðu. Við notuðum afhendingaröryggið til að ná til nýrra viðskiptavina og það hefur reynst afar verðmætt í harðnandi samkeppni.“

Viðmælendur eru sammála um að markaðurinn sé ekki varanlega skaðaður „en ferska afhendingaröryggið erum við búin að missa frá okkur“, hafði einn viðmælenda á orði. Það er auðvitað útaf fyrir sig alvarleg tíðindi ef rétt reynist en verð á ferskfiski á erlendum mörkuðum hafa verið góð. „Rússar hafa verið að sjá um sjófrysta markaðinn og ég held að sá sjófrysti markaður verði jafn blómlegur aftur þegar við komum inn“, sagði annar.

Að reyna að draga saman heildaráhrif verkfalls á þjóðarbúið til skemmri eða lengri tíma er erfitt. Mest ræðst það af því hversu lengi verkfallið stendur; hvort markaðir tapist varanlega eða veiði dragist saman. Eins og staðan er í dag virðist bróðurpartur þeirra tekna, sem tapast hafa, koma til baka þegar verkfalli lýkur takist að semja innan skamms. Tæknifyrirtæki, umbúðafyrirtæki og sölu- og markaðsfyrirtæki vara þó helst við að verði verkfallið nokkrum vikum lengra kunni afleiðingarnar að verða mun alvarlegri.

Svo dæmi sé tekið leiða samtöl við forsvarsmenn sölufyrirtækja í ljós að tekjusakráttur hefur orðið á bilinu 25–90% í desember og janúar og talsmenn flutningsfyrirtækja gera ráð fyrir tekjuminnkun upp á 20–90% meðan á verkfallinu stendur, tæknifyrirtækjum berast fáar nýjar pantanir og

## SJÁVARKLASINN: ÁÆTLUÐ TEKJULÆKKUN MIÐAÐ VIÐ SAMA TÍMA Í FYRRA EFTIR GEIRUM



Ljóst er að allar ákvarðanir um fjárfestingar innan sjávarútvegsfyrirtækja hafa verið settar í bið með tilheyrandi samdrætti hjá hinum ýmsu tegundum þjónustufyrirtækja.

Ætla má að megnið af þessum tekjumissi verði endurheimt dragist verkfallið ekki mikið á langinn. En þrátt fyrir það er alveg ljóst að hættan er sú að hin sterka staða sem íslensk fyrirtæki hafa byggt upp á erlendum mörkuðum með ferskar sjávarafurðir hafi nú þegar beðið nokkurn skaða.

## ER HÆGT AÐ ÁÆTLA TAP?

Hvert er tap þjóðarbúsins þegar litið er til taps útflutningstekna, sem áður er getið, og tekið tillit til þeirra margföldunaráhrifa sem sjávarútvegur sem grunnatvinnuvegur hefur á allt þjóðarbúið? Ætla má að því lengra sem líður á verkfallið og bæði viðskiptasambönd glatast og veiðar minnka nálgist daglegt tap þjóðarbúsins stöðugt meira þá tölu sem nemur töpuðum virðisauka í öllum sjávarklasnum (virðisauka í sjávarútvegi að teknu tilliti til margföldunaráhrifa). Að jafnaði má áætla að þessi upphæð hafi verið á bilinu 900 – 1300 milljónir króna á dag (sé miðað við virðisauka árið 2015). Því fer þó sem betur enn fjarri að daglegt tap sé svo mikið í dag þar sem ætla má að stærstan hluta teknanna megi enn endurheimta síðar.

Hafa verður í huga að mögulega verður ekki hægt að gera raunverulega greiningu á kostnaði við verkfall sjómanna fyrr en að nokkrum árum liðnum þegar í ljós hefur komið hvaða áhrif verkfallið hafði á stöðu íslenska fisksins á erlendum mörkuðum, og hversu mikill kostnaður fólst í að vinna upp framleiðslustöðvunina.

Þá þarf að líta til þess að kjarasamningar milli sjómanna og útgerðarinnar hafa verið lausir frá árinu 2009. Ef samningaviðræðurnar verða til þess að renna fastari stoðum undir þessi mál til framtíðar kann tjónið af þeim að vera ómaksins virði til lengri tíma litið.

## SVEIFLURNAR BITNA VERST Á MINNSTU EININGUNUM

Sjávarútvegur er í eðli sínu sveiflukennd atvinnugrein. Sveiflukennd aflabrögð, óstöðug króna, olíuverð, breytilegt lagaumhverfi fiskveiðistjórnunar og ýmis og óvænt ytri skakkaföll eru hluti af umhverfi greinarinnar. Þetta sveiflukennda eðli hefur átt stóran þátt í að ýta undir stækkun sjávarútvegsfyrirtækja og samþjöppun framleiðslunnar á færri fyrirtæki

og bæjarfélög undanfarna áratugina, vegna þess að stærstu fyrirtækin eru best í stakk búin að mæta áföllum. Áföll eins og það sem nú ríður yfir bitna þannig verst á minnstu einingunum, þ.e. minnstu útgerðunum, minni tæknifyrirtækjum, fiskvinnslufyrirtækjum og bæjarfélögum. Þessir aðilar eiga ekki eins auðvelt með að vinna upp tapið eins og þeir stærri.

### Nánari upplýsingar veita:

Haukur Már Gestsson  
(577-6200 & haukur@sjavarklasinn.is)  
Þór Sigfússon (577-6200 & thor@sjavarklasinn.is)  
Berta Daníelsdóttir (698-6200 & berta@sjavarklasinn.is).

### Íslenski sjávarklasinn

s. 577-6200  
Grandagarði 16, 101 Reykjavík  
[sjavarklasinn.is](http://sjavarklasinn.is)